



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 12. nóvember 2024, fundur hófst kl. 18:00.

**Staður:** Fundarherbergi Samskipahöllin

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Sigurbjörn Eiríksson, Lárus Sindri Lárusson, Haraldur Pétursson, Þórunn Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Hermann Vilmundarson,

### 1. Æskulýðsnefnd + Þórdís

Þórdís yfirþjálfari og fulltrúar Æskulýðsnefndarinnar mættu á fundinn og kynntu starfið. En byrjað var á að klappa fyrir nefndinni og þeim færðar þakkir fyrir vel unnin störf sem ma. skiluðu Spretti æskulýðsbikar LH. Uppskeruhátíð unga fólksins gekk mjög vel, Fákskrakkar mættu og hjálpuðu til við undirbúninginn. Hefðbundin dagskrá framundan, halda áfram með hittinga, annan foreldrafund m.t.t. utanlandsferðar, fjáraflanir, fá Kvan til að koma og halda kynningu. Hugmyndum að fá yfirdýralæknir til að koma og halda smá fyrirlestur, t.d. hvað á að gera ef þau sjá illa meðferð á dýrum.

Heimsókn á Hvammstanga, hestafimleikar, unglingaráð á landsvísu, viðburður um jólin eins og fyrra, hestlaus hestakeppni, páskaeggjaleit, fá fræðslu um kynbótadóma og vera með „alvöru“ sýningu sem selt verður inná svo eitthvað sé nefnt. Gríðarlega öflugt starf líkt og síðustu ár.

Pollanámskeið var rætt og stuðningur við það. Stjórnin samþykkir að styrkja námskeiðið sem verður haldið í Húsasmiðjuhöllinni.

### 2. Stigahæstu knaparnir

Búið að hafa samband við alla stigahæstu knapana og tryggja að þeir séu skráðir á uppskeruhátíðina. Það á eftir að skýrast endanlega hver verður Íþróttamaður Sprettis.

### 3. Uppskeruhátíðin

Góð skráning, opnað verður fyrir almenna sölu á morgun.

### 4. Félagshesthúsið

Það er búið að svara umsóknum, það er einn knapi kominn inn og tveir á leiðinni. Spurning um að halda fund, þrifa húsið, hver er umgjörðin, búa til reglur, ákveða verð. Þórdís kemur að til að tengja krakkana við æskulýðsnefndina. Verður rukkað um gegnum Sportabler. Þórunn og Davíð taka málið áfram.

### 5. Áhugamannadeildin

Katla hitti nokkra úr stjórn áhugamannadeildar í gær, búið er að senda liðunum staðfestingu. Sumar af reglum deildarinnar eru heldur óskýrar og/eða ekki rétt orðaðar, t.d. um hverjir mega taka þátt. Búið að ákveða að fækka úr 5 í 3 í fimm- og fjórgangi. Ákveðið að leggja til að bakka með 4 ganginn, þ.e. halda áfram að hafa 5 knapa.

### 6. 1 deildin

Sprettur telur sig vera eiganda 1. Deildarinnar eins og samþykkt var þegar fyrri stjórn Sprettis samþykkti að taka þau inn í Samskipahöll. Þetta var forsenda fyrir því að deildin kæmi inn og að Sprettur myndi reka deildina með sama hætti og Áhugamannadeildina og Blue Lagoon

deildina. Þetta fyrirkomulag var samþykkt á þeim tíma af fráfarandi formanni og stjórn 1. Deildarinnar ásamt stjórn Spretts. Jónína og Sigurbjörn taka saman punkta um málið.

**7. Liðsauki tengt málum í aðbúnaði Spretts**

Samþykkt að auglýsa eftir starfskrafti, Jónína tekur málið áfram.

**8. Fjármál félagsins**

Farið yfir fjármál félagsins og er staðan viðunandi. Sverrir Einarsson er tilbúinn að aðstoða við að semja við Samskip en það er komið að endurnýjun samningsins. Þórunn tekur saman minnisblað um sýnileika Samskips.

Auglýsa þarf að þann 15.11.2024 verða þeir sem ekki hafa greitt félagsgjöld teknir af félagaskrá.

**9. Fundur með Sorpu**

Fundur með Sorpu skilaði ekki neinum árangri, þar á bæ eru menn ekki til í að lækka gjöldin á hrossataðinu. Áfram verður unnið í málinu.

**10. Lýsingamál á reiðvegum**

Haraldur kannar hvaða staurar eru bilaðir og sendir á Þórunni sem hefur samband við sveitarfélögin með úrbætur.

**11. Fundurinn um Tippinn**

Fundur verður með umhverfisnefnd Kópavogs og Garðabæjar um taðmál.

Fundur með bæjarstjórunum í næstu viku um fjármál.

**12. Fundur með Jóa**

Leggja fram stöðuna og ræða framhaldið.

**13. Sameiginlegt gæðingamót með Herði**

Farið fyrir erindi frá Herði um sameiginlegt gæðingamót í vor, ákveðið að segja nei takk að þessu sinni.

**14. Sign**

Uppgjör við Sign vegna verðlaunagripa. Sigurbjörn og Jónína eru með málið.

**15. Stefnumörkun**

Jónínu er í samvinnu við Petru Björk Mogensen búin að leggja drög að því hægt er að framkvæma slíkan fund með félagsmönnum. Stjórnarmenn deila viðburðinum og hvetja fólk til að mæta og taka þátt.

**16. Önnur mál**

Mikil vinna að halda utanum týnda lykla. Rætt um að setja á stofngjald fyrir lyklna.

Davíð er búinn að virkja Hlyn með sér í samskiptum við Kópavogsbæ til að fá plastið við Heimsenda fjarlægt. Jónína tekur upp á fyrirhuguðum fundi með Kópavogsbæ.

Eitthvað um skít í reiðhöllinni og gólfið er flughált. Ákveðið að kaupa hnífa í tætarann svo hægt sé að vinna gólfið betur.

Fundi slitið kl. 20:55

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson